



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: *Nýjar reglur um sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlað fólk á landi í eigu Reykjavíkurborgar*

Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu að reglum um sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlað fólk á landi í eigu Reykjavíkurborgar.

Greinargerð:

Gildandi reglur um úthlutun bílastæða fyrir hreyfihamlaða á lóðum í eigu Reykjavíkurborgar voru samþykktar á fundi félagsmálaráðs þann 6. nóvember 2002 og hafa ekki tekið neinum breytingum síðan. Reglurnar eru því komnar til ára sinna og bæta þarf við ýmsum ákvæðum, t.d. í tengslum við málsmeðferð og persónuvernd.

Í drögum að nýjum reglum um sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlað fólk á landi í eigu Reykjavíkurborgar, sem voru unnin í samvinnu við umhverfis- og skipulagssvið, eru reglurnar uppfærðar til samræmis við uppsetningu og almenn ákvæði í öðrum reglum Reykjavíkurborgar sem samþykktar hafa verið á undanförunum árum af velferðarráði og borgarráði. Einnig eru tiltekin ákvæði reglnanna gerð ítarlegri og skýrari en þar má sérstaklega nefna 3. gr. þar sem skilyrði fyrir úthlutun sérmerks bílastæðis eru afmörkuð og gerð skýrari auk þess að í 5. gr. er kveðið skýrar á um hvernig mat á umsókn fer fram.

Samkvæmt gildandi reglum eru læknisvottorð send til trúnaðarlæknis Reykjavíkurborgar sem metur vottorðið og sendir umsögn um það. Í drögum að nýjum reglum er sú framkvæmd, þ.e. að senda læknisvottorð til trúnaðarlæknis Reykjavíkurborgar, felld brott en í stað þess eru tilgreindar í 4. gr. reglnanna þær lágmarksupplýsingar sem fram þurfa að koma í læknisvottorði. Með framangreindri framkvæmd verður ferlið við afgreiðslu umsókna því einfaldað.

Þá er í drögum að nýjum reglum kveðið skýrar á um samninga um sérmerkt bílastæði ásamt uppsetningu þeirra. Einnig er bætt við kafla í reglurnar sem fjallar um málsmeðferð þar sem m.a er vikið að könnun máls, samvinnu við umsækjanda, endurskoðun, varðveislu gagna, trúnaði og aðgangi að gögnum, heimildum til ákvarðana, niðurstöðu og rökstuðningi auk upplýsinga um áfrýjunarnefnd Reykjavíkurborgar og úrskurðarnefnd velferðarmála.

Nýjum reglum er ætlað að vera skýrari og einfalda ferlið við afgreiðslu umsókna. Einnig er með nýjum reglum gert ráð fyrir hraðari og einfaldari afgreiðslu umsókna og með því bæta þjónustu við íbúa borgarinnar.

Ekki er gert ráð fyrir því að tillagan feli í sér viðbótarkostnað.